

SAMÞYKKT

um hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Hundahald er bannað í Ólafsfirði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í Ólafsfirði undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Sækja skal um undanþágu til hundahalds til heilbrigðisnefndar á þar til gerðu eyðublaði sem liggja skal frammi á bæjarskrifstofunni. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá nefndinni. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.
- b) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það. Leyfið er bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.
- c) Leyfisbréf skal útgefið af bæjarstjóranum í Ólafsfirði að uppfylltum þeim skilyrðum sem reglugerð þessi segir til um. Eigandi hundsins fær þá afhenta plötu sem greypt skal í skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Senda skal lögreglustjóra afrit af leyfisbréfi. Jafnframt skal leyfishafi fá afhent eintak af samþykkt um hundahald í Ólafsfirði.
- d) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameigenda hússins fylgja umsókn.
- e) Leyfisgjald vegna undanþágu svo og önnur gjöld viðkomandi hundahaldi skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Hundar, sem blindir menn eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bæjarfélaginu eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal greiða hreinsunargjald sem bæjarstjórn ákveður.
- f) Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og kvittun vegna greiðslu iðgjalds þegar hreinsun fer fram.
- g) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, sem fram fer í samræmi við reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki.
- h) Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggan hátt.
- i) Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.
- j) Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða á þá staði sem um getur í IX.–XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, en þeir eru m. a. skólar, barnaheimili, heilbrigðisstofnanir, sundstaðir, samkomuhús, gistihús, verslanir og hús-næði þar sem seld er eða framleidd matvara.

3. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal kæra til lögreglu og hún sjá um að fjarlægja viðkomandi hund ef þörf krefur og þess er kostur. Skal hundinum komið í vörslu í áhaldahúsi bæjarins sé um minni háttar brot að ræða. Starfsmenn í áhaldahúsi Ólafsfjarðarbæjar sjá um geymslu, fóðrun og afhendingu hunds. Bæjarstjórn setur árlega gjaldskrá þar um, sbr. e-lið 2. gr. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um það að leysa þá út, eða koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 3 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Hættulega hunda og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal lögregla fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisfulltrúi taka ákvörðun um það hvernig með skuli fara og geta þeir afturkallað leyfi og fyrirskipað aflífun hunds og skal hún fara fram að höfðu samráði við dýralækni.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu á sérstöku grunnjaldi vegna afurða alifugla,
svína og nautgripa.**

1. gr.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 65. janúar 1988 um breyting á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiða framleiðendum afurða alifugla, svína og nautgripa hluta af grunnjöldum sem álögð eru skv. 1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987. Endurgreiðslan skal taka til seldra afurða frá og með 1. janúar til 31. desember 1988.

Endurgreiðsla grunnjalda vegna seldra afurða alifugla og svína skal koma til lækkunar á því verði sem framleiðandi fær fyrir afurðir. Hins vegar skal endurgreiðsla koma til lækkunar á verði nautgripakjöts í heildsölu.